



11. fundur stjórnar L.H. (símafundur) haldinn 16. sept. 1997.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigbjörn Björnsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Birgir R Gunnarsson (fyrsti varamaður í stað Sigríðar) og Sigurður Þórhallsson.

### **Þetta gerðist á fundinum:**

#### **Undirbúningur 48. ársþings L.H.**

Farið var yfir drög að dagskrá þinghaldsins sem Sigurður framkvæmdastjóri hafði sett upp og sent stjórnarmönnum í pósti.

Ákveðið var að þingsetning hæfist ekki fyrr en morgunflug úr Reykjavík væri afstaðið þ.e. eftir kl. 10:00 þann 24. okt. n.k.

Ákveðið var að leita til Sveinbjörns Eyjólfssonar og Sigfúsar Þorsteinsssonar um að taka að sér að sinna störfum forseta þingsins. Sigurði falið að ræða við þá um þetta verkefni.

Eins og kunnugt er verður lögð fram tillaga á þinginu að viðamikilli breytingu á lögum L.H. sem felur m.a. í sér að Landssamband hestamannafélaga verði sérsamband innan ÍSÍ og þá jafnframt að HÍS sameinist L.H.

Töluverð umræða varð um þessa tillögu og meðferð hennar á þinginu. Þá var einnig rætt um stjórnarkjör í þessu sambandi.

Á undanförunum ársþingum hefur skapast sú hefð að hafa ákveðið þemaverkefni á fyrri degi þinghaldsins.

Stjórnin ákvað að fella þennan lið niður á þessu þingi vegna tímaskorts þar sem ákveðið hefur verið að þinghaldi ljúki um hádegi síðari daginn. Í stað þess verði fenginn fyrirlesari til að flytja erindi sem fjalli um "Ímynd hestamannsins í þjóðfélaginu". Formanni og framkvæmdastjóra falið að finna þennan fyrirlesara sem allra fyrst.

Rætt var um ávörp gesta en þeir verða:

Formaður Freyfaxa, Bæjarstjórinn á Egilsstöðum, fulltrúi Landbúnaðarráðherra, fulltrúi frá Bændasamtökum Íslands o.fl.

Stjórnin ákvað að heiðra eftirtalda félagi úr röðum L.H.:

Guðmund Þorleifsson, Leif Jóhannesson og Kára Arnórsson.

Samþykkt var á fundinum að Birgir R Gunnarsson Fáki verði formaður kjörbréfanefndar þingsins.

Þá var framkvæmdastjóra falið að finna úr hópi þingfulltrúa fjóra þingritara þar af einn yfirritara.

Rætt var um tillögugerð stjórnar L.H. til ársþingsins og stjórnarmenn beðnir að undirbúa tillögur ef einhverjar væru og koma með þær á næsta fund.

Gjaldkera falið í samráði við formann og framkvæmdastjóra að setja upp tillögu að fjárhagsáætlun fyrir 1998. Einnig var gjaldkera falið að ræða við kollega sinn hjá HÍS um að setja upp fjárhagsáætlun fyrir breytt samtök hestamannafélaga ef af sameiningu L.H. og HÍS yrði á þinginu.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson.